

Þjálfunarhandbókin, sem unnin var fyrir LÍÚ, er lausblaðamappa sem skiptist í eftirtalda hluta:

### 1. Öryggi

Fjallar um neyðaráætlun og æfingar ásamt staðsetningu og notkun öryggisbúnaðar o.fl.

### 2. Slys

Fjallar um viðbrögð við slysum svo sem ef maður fellur fyrir borð, eldsvoða, árekstur, leka að skipi, flóttaleiðir o.fl.

### 3. Skipið yfirgefið

Fjallar um að yfirgefa skip, ofkælingu, veru í sjó, skyndihjálp, notkun björgunarbúnaðar o.fl.

### 4. Í björgunarfarinu

Fjallar um sjósetningu björgunarfara, dvöl í þeim og notkun búnaðar þeirra o.fl.

### 5. Björgunaraðstæður

Fjallar um notkun línubyssu og björgun frá landi.

### 6. Sérstakur öryggisbúnaður

Hér er gert ráð fyrir að áhafnir geti bætt við upplýsingum um sérstakan öryggisbúnað skipsins.

### 7. Ýmsar leiðbeiningar

Hér fylgja leiðbeiningar um víra, festingar o.þ.h.

### 8. Landhelgisgæslan

Fjallar um björgun með þyrlu.

### 9. Ítarefni um öryggismál

Hér er hægt að bæta við ýmsu fræðsluefni um öryggismál.

## VINNUÖRYGGISHANDBÓK

Í 13. reglu VI. kafla reglugerðarinnar er gerð krafa um vinnuöryggishandbók sem á að vera í sérhverjum borðsal og setustofu skips. Handbókin þjónar sambærilegum tilgangi og þjálfunarhandbókin en hér er áherslan eingöngu lögð á

vinnuöryggi og vinnuvistfræði með það að markmiði að bæta öryggi og heilsu skipverja.

Í vinnuöryggishandbókinni, sem má skipta niður í nokkur bindi, skulu vera fyrirmæli og upplýsingar, þar sem notuð eru auðskilin hugtök, skýrð með myndum þar sem það er unnt, um búnað og efni sem er um borð í skipinu og varðar vinnuöryggi svo og almennar varúðarráðstafanir. Heimilt er að nota hljóð- og myndræn hjálpartæki (myndbandstæki) fyrir einhvern hluta slíkra upplýsinga í stað viðkomandi hluta vinnuöryggishandbókarinnar.



Í vinnuöryggishandbók skal útskýra í smáatriðum eftir því sem við á:

- Notkun alls vélbúnaðar á þilfari og hífibúnaðar
- Notkun alls fiskvinnslubúnaðar, svo sem færíbanda, haussturðarvéla, flökunarvéla, flatningsvéla, roðflettivéla og marningsvéla
- Lýsingu á vinnusvæðum
- Notkun alls hlífðarfatnaðar og vinnuöryggisbúnaðar
- Notkun hreinsiefna og annarra hættulegra efna
- Allar aðrar viðeigandi varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys eða veikindi

Þegar slík vinnuöryggishandbók er tekin saman er hentugt að nota lausblaðamöppu og skipta henni í þá efnisflokkasem fjalla þarf um í handbókinni. Þá er næsta skref að taka saman leiðbeiningar og setja þær í möppuna undir viðeigandi efnisflokkum.

**Greinargóðar upplýsingar um öryggismál efla öryggi um borð!**

Kynnið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum  
[www.sigling.is](http://www.sigling.is)

# ÞJÓNUSTU- ÞJÁLFUNAR- OG VINNUÖRYGGIS- HANDBÆKUR Í FISKISKIPUM



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Unnið í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda. Desember 2006

## REGLUR

Í reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa, sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, eru gerðar kröfur um að í sérhverju skipi séu:

- Þjónustuhandbók skipsins
- Þjálfunarhandbók skipsins
- Vinnuöryggishandbók skipsins

## ÞJÓNUSTUHANDBÓK

Þjónustuhandbókin er hluti af kröfum í 16. reglu VII. kafla reglugerðarinnar um viðbúnað, viðhald og eftirlit með björgunarbúnaði skips.

Í reglunni er gerð krafa um viðbúnað til að tryggja að áður en skipið lætur úr höfn, og ávallt meðan á ferð þess stendur, sé allur björgunarbúnaður í nothæfu ástandi og tilbúinn til notkunar.

Gerð er krafa um að í sérhverju skipi séu fyriræli samþykkt af stjórnvöldum um viðhald björgunarbúnaðar og að viðhald fari fram í samræmi við þau en stjórnvöldum er heimilt að samþykkja notkun kerfis fyrir fyrirbyggjandi viðhald í stað fyriræla.



Einnig eru í gildi kröfur um eftirlit viðurkenndra skoðunar-/þjónustuaðila og um reglubundið eftirlit áhafnar með björgunarbúnaði skipsins:

## Vikulegt eftirlit áhafnar

Eftirfarandi prófanir og eftirlit skal fara fram vikulega:

- „Öll björgunarför, léttbáta og sjósetningarbúnað skal „sjónskoða“ til að tryggja að þau séu tilbúin til notkunar“
- „Allar vélar í lífbátum og léttbátum skulu láttnar ganga áfram og aftur á bak í samtals a.m.k. þrjár mínútur, að því tilskildu að umhverfishitastig sé yfir lágmarkshitastigi því sem krafist er til að gangsetja vélina“
- „Almenna viðvörðunarkerfið skal prófað“

## Mánaðarlegt eftirlit áhafnar

Skoðun á björgunarbúnaði, þar með töldum búnaði lífbáta, skal fara fram mánaðarlega þar sem notaður er gátlisti til að tryggja að hann sé í góðu lagi og ekkert vanti í hann. Skýrsla um skoðunina skal færð í dagbókina/viðhaldsbók björgunarbúnaðar, þ.e.a.s. þjónustuhandbók skipsins.



Í þjónustuhandbók sem Útgerðartækni ehf. vann fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) eru ýmsar leiðbeiningar um viðhald á björgunarbúnaði og eyðublöð til að skrá upplýsingar um vikulegt, mánaðarlegt og árlegt eftirlit með búnaðinum.

**Í skipum sem falla undir reglugerð nr. 122/2004 á að færa skýrslu um eftirlit og viðhald á björgunarbúnaði skipsins!**

## ÞJÁLFUNARHANDBÓK

Þjálfunarhandbók skipsins á að vera í sérhverjum borðsal og setustofu eða í sérhverjum svefnklefa áhafnar.

Í þjálfunarhandbókinni, sem má skipta niður í nokkur bindi, skulu vera fyriræli og upplýsingar, þar sem notuð eru auðskilin hugtök, skýrð með myndum þar sem það er unnt, um björgunarbúnaðinn, sem er um borð í skipinu og einnig um árangursríkustu aðferðirnar, til að komast lífs af. Heimilt er að nota hljóð- og myndræn hjálpartæki (myndbandstæki) fyrir einhvern hluta slíkra upplýsinga.

Í 3. reglu VIII. kafla reglugerðarinnar er útlístað hvaða atriði skulu útskýrð í smáatriðum í þjálfunarhandbók skips.

Þjálfunarhandbók sem Útgerðartækni ehf. vann fyrir LÍÚ uppfyllir kröfur reglugerðarinnar um innihald en **naudsynlegt er að laga hana að hverju skipi** þ.e.a.s. að í mörgum tilvikum þarf að bæta inn eða fjarlægja leiðbeiningar um búnað þannig að samræmi sé á milli þjálfunarhandbókar og þess búnaðar sem er um borð í skipinu.



Kosturinn við að hafa staðlaða þjálfunarhandbók í íslenskum skipum er að þannig eiga sjómenn, t.d. þeir sem eru að færa sig á milli skipa, auðveldara með að kynna sér björgunar- og öryggisbúnað skipsins sem þeir eru að hefja störf á.